



## Skipulagsnefnd – 17.10.2016

---

30. fundur

17. október 2016, kl. 13:00-14:20

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps

---

### Fundarmenn:

### Starfsmenn:

Guðrún Brynleifsdóttir, varaformaður, stjórnar fundi og ritar fundargerð

Kristján Stefánsson,

(Varamaður í fjarveru Helga Héðinssonar)

Birgir Steingrímsson

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

---

### Dagskrá:

1. *Kálfaströnd. Umsókn UST um framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar.*
2. *Drekagil. Umsókn um stofnun lóða undir tjaldsvæði.*
3. *Hofstaðir. Deiliskipulag.*
4. *Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi.*
5. *Samskipti Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar í skipulags- og byggingarmálum innan verndarsvæðisins.*

#### 1. **Kálfaströnd. Umsókn UST um framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar.**

S20160901

Erindi ódagsett frá Umhverfisstofnun þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til áframhaldandi lagningar göngustígs frá bílastæði við Kálfastrandarafleggjara í átt að Klösum í Mývatnssveit. Áður var unnið við gönguleiðina árið 2014 þegar 130 metrar stígar voru lagðir möl. Gönguleiðin er vinsæl meðal ferðamanna.

Eldri göngustígur um svæðið er niðurgrafinn moldartroðningur með takmarkað álagspól. Í fyrirhugðum framkvæmdum verður legu eldri göngustígar að mestu fylgt en þó gæti hann

BS  
GB

færst lítið eitt til á köflum. Grafin verður grunn skúffa í jarðveg og uppgröftur nýttur til að jafna hæð stígar. Þá verður nýr stígur þakinn u.þ.b. 10 cm malarpúða.

Stígurinn er fyrirhugaður 150 cm breiður og er markmið að gönguleið verði endurbætt að Klösum, þ.e. um 850 metrar til viðbótar við það sem þegar hefur verið unnið.

Með umsókn fylgja samþykki Náttúrufræðistofnunar Íslands, RAMÝ og landeiganda.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugða stígagerð og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfi eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 mæla fyrir um. Skipulagsnefnd beinir því til aðstandenda umrædds svæðis að unnið verði deiliskipulag sem dregur fram framtíðarsýn fyrir svæðið í heild sinni.*

## **2. DrekaGil. Umsókn um stofnun lóða undir tjaldsvæði.**

S20161001

Erindi dags. 5. október 2016 frá Reginu Sigurðardóttur f.h. forsætisráðuneytisins þar sem sótt er um heimild stofnunar tveggja nýrra lóða undir tjaldsvæði við DrekaGili í Skútustaðahreppi skv. meðfylgjandi hnitsettu lóðablaði frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags 1.6. 2016 og útfylltu eyðublaði F-550 frá Þjóðskrá.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna lóðirnar í Fasteignaskrá.*

## **3. Hofstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.**

S20151101

Tekið er fyrir að nýju erindi dags 26. nóvember 2015 frá Ástu Hermannsdóttur f.h. Minjastofnunar Íslands þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af gamla bæjarstæði Hofstaða og næsta nágrennis þess á kostnað M.Í. skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015* frá Teiknistofu Norðurlands. Megnið af svæðinu verður skilgreint sem minjaverndarsvæði en gert verður ráð fyrir að tún verði nýtt á sama hátt og verið hefur.

Sveitarstjórn heimlaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúi leitaði umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28. janúar 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kom innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið yrði efnislega tillit til þeirra eins og kostur væri við gerð deiliskipulagsins.

RS  
GB

Innkomin ný gögn 11. ágúst s.l. tillaga að deiliskipulagi, deiliskipulagsgreinargerð og skýringaruppdættir frá Arnari Birgi Ólafssyni, landslagsarkitekt hjá Teiknistofu Norðurlands. Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemdir við meginrætti deiliskipulagstillögunnar á fundi sínum 29. ágúst s.l.. Nefndin taldi þó að þörf fyrir bílastæði væri vanmetin og óskaði eftir því að bílastæðum yrði fjölgað eða sýnt verði fram á stækkunarmöguleika í deiliskipulaginu. Nefndin óskaði jafnframt eftir því að Minjastofnun Íslands framvísi samþykki landeiganda, Íslenska ríkinu, fyrir fyrirhugaðri deiliskipulagsgerð á jörðinni. Þessi skilyrði nefndarinnar voru uppfyllt og tillagan og forsendur hennar voru kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á opnu húsi á skrifstofu Skútustaðahrepps 1. október s.l. eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Ekki komu fram neinar athugasemdir á kynningunni sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að deiliskipulagstillagan verði auglýst og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falin málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

#### **4. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi.** S20160402

Tekið fyrir að nýju erindi dags 6. apríl 2016 frá Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra, f.h. Skútustaðahrepps þar sem óskað er eftir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert verði ráð fyrir nýjum landnotkunareit undir sorpflokkunarsvæði/gámavöll í landi Grímsstaða við afleggjarann að Rönd. Fyrir liggur samþykki landeigenda Grímsstaða. Innkomin lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi dags 14. apríl 2016 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og byggingarfulltrúa kynnti lýsinguna frá og með 6. maí til 27. maí 2016 fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra.

Athugasemdir/umsagnir voru lagðar fyrir til kynningar og yfirferðar á síðasta fundi nefndarinnar 13. júní s.l.

Innkomið breytingarblað vegna breytingar á aðalskipulagi dags 22. júní 2016 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra efnislegu athugasemda/umsagna sem bárust við skipulagslýsinguna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps kynnti breytingartillöguna á opnu húsi á skrifstofu sveitarfélagsins 5. júlí s.l., en ekki komu fram neinar athugasemdir við tillöguna.

Skipulagsnefnd fól skipulags- og byggingarfulltrúa á fundi sínum 16. júlí s.l. að auglýsa breytingu á aðalskipulagi, að lokinni athugun Skipulagsstofnunar á breytingartillögu aðalskipulagsins, eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun féllst ekki á að heimila auglýsingu á breytingartillögunni í bréfi dags 29. júlí 2016 og benti á að þar sem ráðgert væri að að byggja útgáfu framkvæmdaleyfis og

BS

RS

starfsleyfis á grundvelli aðalskipulags en ekki á deiliskipulagi þá þurfi að fjalla á ítarlegri hátt um umfang, frágang og áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið og annað það sem við á. Þar að auki þurfi að gera betur grein fyrir frágangi svæðisins svo sem hvort svæðið verði girt af með girðingu eða mótun lands, umfang starfsmannaaðstöðu og annað sem við á til grundvallar útgáfu framkvæmdaleyfis og starfsleyfis.

Innkomið nýtt breytingarblað dags. 18. ágúst s.l. frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf þar sem gerðar höfðu verið breytingar á tillögunni í samráði við Skipulagsstofnun þar sem uppfylltar voru kröfur stofnunarinnar til auglýsingar á breytingartillögunni, sem var auglýst skv. 1. mgr. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 2. september til og með 14. október 2016.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun (UST), Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra (HNE), Minjastofnun Íslands, Náttúruverndarnefnd Þingeyinga (NNÞ) og Vegagerðinni.

**Umhverfisstofnun (UST):**

<b>Athugasemdir/umsagnir:</b>	<b>Svör skipulagsnefndar:</b>
<p>Að mati Umhverfisstofnunar yrðu sjónræn áhrif minni og sorpflokkunarsvæðið ekki eins áberandi í umhverfinu ef fundinn yrði staður í tengslum við annan iðnað s.s. Bjarnarflag eða við iðnaðarsvæði í Reykjahlíðarpéttbýli.</p>	<p>Nefndin tekur undir sjónarmið UST um að æskilegra hefði verið að hafa svæðið nær þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Leiguland sveitarfélagsins er takmarkað og innan þess er ekki möguleiki að koma upp slíku svæði svo vel sé. Ekki tókst að ná samningum við landeigendur um viðbótarsvæði í tengslum við leigulandið fyrir gámasvæði. Nokkur svæði komu til álita en af þeim var staðsetning í landi Grímsstaða talin heppilegust m.a. vegna auðveldrar aðkomu við Þjóðveg 1 bæði sumar og vetur.</p>

**Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE):**

<b>Athugasemdir/umsagnir:</b>	<b>Svör skipulagsnefndar:</b>
<p>HNE telur nauðsynlegt sé að gera grein fyrir fráveituvatni sem kemur frá starfseminni og hvernig framkvæmdaaðilar ætla að ná þeim markmiðum að uppfylla 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu.</p>	<p>Gámastæðið er hannað með 1,2 metra hæðarmismun milli plana sem verða steyp. Niðurföll eru í steypunni við hvern gám á efra plani, þar sem íbúar keyra inn á og henda flokkuðu efni niður í þar til skilgreinda gáma og á neðra plani undir hverjum gámi. Efnið er flutt inná Akureyri til frekari meðhöndlunar.</p> <p>Regnavatn sem er leitt frá plani er leitt í gegnum sandfang og síðan út fyrir planið í grjótpúkk.</p> <p>Fyrir móttöku á spilliefnum verður komið fyrir sérstökum vökvaheldum körum í lokuðum skipagámi. Íbúar losa sig við spilliefnin í þessi kör. Körin eru með loki sem er spennt</p>

BS  
GB

	<p>fast á karið áður en það er flutt burtu. Körin með spilliefnin eru flutt til Akureyrar til frekari meðhöndlunar.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir niðursetningu á rotþró.</p> <p>Settar verða ítarlegari reglur um frárennsli í starfsleyfi.</p>
--	--

### Minjastofnun Íslands:

Athugasemdir/umsagnir:	Svör skipulagsnefndar:
<p>Skv. fyrirbyggjandi fornleifaskráningu eru engar skráðar minjar innan þess svæðis sem aðalskipulagsbreytingin nær til.</p> <p>Minjastofnun gerir því ekki athugasemd við breytingu þessa á aðalskipulagi.</p>	<p>Gefur ekki tilefni til svara.</p>

### Náttúruverndarnefnd Þingeyinga (NNÞ):

Athugasemdir/umsagnir:	Svör skipulagsnefndar:
<p>.....Heppilegra hefði verið að hafa svæðið nær þéttbýliskjarna sveitarfélagsins til þess að auðvelda íbúum aðgengi og hvetja þar með til aukinnar flokkunar og endurvinnslu.</p>	<p>Nefndin tekur undir sjóarmið NNÞ um að æskilegra hefði verið að hafa svæðið nær þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Leiguland sveitarfélagsins er takmarkað og innan þess er ekki möguleiki að koma upp slíku svæði svo vel sé. Ekki tókst að ná samningum við landeigendur um viðbótarsvæði í tengslum við leigulandið fyrir gámasvæði. Nokkur svæði komu til álita en af þeim var staðsetning í landi Grímsstaða talin heppilegust m.a. vegna auðveldrar aðkomu við Þjóðveg 1 bæði sumar og vetur. Að mati skipulagsnefndar eru íbúar sveitarfélagsins mjög umhverfismeðvitaðir og áhugasamir um flokkun og endurvinnslu og hefur staðsetning gámasvæði ekki úrslitáhrif í því sambandi.</p>
<p>Tillaga þessi að aðalskipulagsbreytingu felur í sér að þjónustusvæði sé færð út fyrir megin byggðakjarna sveitarfélagsins og byggt upp á svæði þar sem ekki eru byggingar eða önnur mannvirki/rask fyrir. NNÞ telur það óæskilega þróun sérstaklega á þessu svæði. Skipulagsbreytingin vekur upp spurningar hvaða fordæmi hún gefur gagnvart dreifingu annarrar þjónustu um sveitarfélagið.</p>	<p>Sjá svar hér að framan. Stefna sveitarfélagsins um landnýtingu kemur fram í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Ekki stendur til að breyta stefnumörkun sveitarfélagsins um landnýtingu nema í undantekningartilfellum þar sem ekki tekst að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins.</p>
<p>Þar sem svæðið liggur alveg við mörk verndarsvæðisins leggur nefndin áherslu á að fylgt verði ítarlega eftir reglum um frárennsli og mengunarvarnir í tengslum við verndun vatnsins.</p>	<p>Skipulagsnefnd telur mikilvægt að fylgja eftir lögum og reglum um frárennsli og mengunarvarnir í þessari framkvæmd sem og öðrum í sveitarfélaginu með vísan í í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, gr. 24, <i>Frárennsli</i></p>

## Vegagerðin:

Athugasemdir/umsagnir:	Svör skipulagsnefndar:
Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við fram lagða breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Vegagerðin minnir þó að hafa þarf samráð vegna tengingar við Hringveg.	Gefur ekki tilefni til svara.

Skipulagsnefnd telur að athugasemdir/umsagnir gefi ekki tilefni til breytinga á tillögnum og leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að senda hana til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum sveitarstjórnar um þær. Jafnframt verði honum falið að senda þeim sem athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd vekur athygli á því að flestar innsendar athugasemdir lúta að staðsetningu svæðisins sem gæti gefið tilefni til að endurmeta staðarvalið.

### 5. Samskipti Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar í skipulags- og byggingarmálum innan verndarsvæðisins.

Pétur Snæbjörnsson nefndarmaður í skipulagsnefnd hefur óskað eftir því að eftirfarandi mál verði tekið á dagskrá nefndarinnar:

Í ljós hefur komið að skipulagsmál í Skútustaðahreppi eru í nokkru uppnámi og augljóst að skilningur aðila á gildandi reglum er misjafn. Í því efni er vísað til nýliðinna atburða við framkvæmdir á Flatskalla og seinagangs við vinnu skipulags er lýtur að breytingum við Hótel Reykjahlíð.

Í gildi er aðalskipulag fyrir Skútustaðahrepp 2011-2023. Umhverfisstofnun þarf að samþykkja sérstaklega allar skipulagsáætlanir innan skilgreinds verndarsvæðist skv sérlögum um verndun Mývatns og Laxár #97/2004 2.gr. Skipulagsnefnd hefur hingað til litið svo á að þar sem Umhverfisstofnun hafi ekki mótmælt eða gert athugasemdir við auglýsingu og gildistöku aðalskipulagsins sé hún samþykk því og þeim markmiðum sem þar eru sett. Sama gildir um þær deiliskipulagsáætlanir sem samþykktar hafa verið og tekið gildi frá 2011.

Í ljósi þess sem vísað er til hér að framan, virðist sem skilningur aðila á þessu atriði er ekki sá sami. Því skorar nefndin á sveitarstjórnina að hlutast til um að úr þessu verði bætt og sjónarmið og skilningur á gildandi regluverki samræmdur. Það er til dæmis mikilvægt að umrætt verndarsvæði verði merkt sérstaklega inná aðalskipulag og síðan verði gerð sérstök aðalskipulagsáætlun fyrir það svæði.

Fundi slitið.

*Guðrún Bryndís*  
*Björgvin Þorsteinsson*  
*Kristín Jónsdóttir*  
*Kýra Sæla*  
*Selma Þorvaldsdóttir*